



ÍF Sundreglur



LEIKREGLUR Í SUNDI

- 1.0 ALMENN ÁKVÆÐI
 - 1.1 REGLUR
 - 1.2 KEPPNISTÍMABIL
 - 1.3 MÓTMÆLI
 - 1.4 STARFSMENN
 - 1.5 SKYLDUR ÞÁTTTÖKULIÐA Á ÍF-MÓTUM
 - 1.6 SKRÁNINGARFRESTUR, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGAR
 - 1.7 VIRÐING OG TILLITSSEMI
- 2.0 FLOKKASKIPTING
- 3.0 MÓT
 - 3.1 NÝÁRSSUNDMÓT FATLAÐRA BARNA
 - 3.2 BIKAR OG FLOKKAMÓT ÍF
 - 3.3 OPNA ÍSLANDSMÓTIÐ Í 50 M BRAUT (SSÍ)
 - 3.4 OPNA ÍSLANDSMÓTIÐ Í 25 M BRAUT (SSÍ)
- 4.0 ÍSLENSK MET
 - 4.1 ÍSLENSK MET MÁ SETJA Í EFTIRTÖLDUM VEGALENGDUM
 - 4.2 UMSÓKN UM ÍSLENSK MET
- 5.0 LYFJAMISNOTKUN
- 6.0 ÍF - SSÍ félagi
- 7.0 SUNDREGLUR IPC

1.0 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 REGLUR

Á öllum sundmótum skulu gilda sundreglur IPC (International Paralympic Committee), SSÍ (Sundsambands Íslands) og World Aquatics (Alþjóða-sundíþróttasamband) um sundkeppnina, sundaðferðir, tímatöku og hlutverk starfsmanna með eftirtöldum breytingum og viðbótum.

1.2 KEPPNISTÍMABIL

Keppnistímabil ÍF í sundi er frá 16. ágúst til 15. ágúst.

1.3 MÓTMÆLI OG KÆRUR

Liðstjóri/þjálfari geta mótmælt/kært:

A) Mótmæli gegn flokkaskiptinu. Mótmæli gegn flokkaskiptingu skulu leggjast fyrir lækna ráð.

B) Mótmæli gegn öðru keppnisfyrirkomulagi. Önnur mótmæli leggjast fyrir mótsnefnd.

Komi upp mótmæli/kærur meðan á keppni stendur, skulu þau lögð fram skriflega innan 30 mínúta frá því að atburðurinn átti sér stað, af liðstjóra/þjálfara ásamt kærufé að upphæð kr. 5000,00 (sjá SSÍ-Lög og reglur 26. grein)

Ef mótmæli snerta fyrirkomulag það sem kynnt hefur verið fyrir keppni skal ábending koma fram áður en keppni hefst. Ekki er unnt að mótmæla dómsúrskurði sem felldur hefur verið af mótsnefnd. Úrskurður hennar er endanlegur.

1.4 STARFSMENN

Starfsmenn með tilskilinn réttindi frá SSÍ skulu sjá um framkvæmd sundmóta.

1.5 SKYLDUR ÞÁTTTÖKULIÐA Á ÍF-MÓTUM

Aðildarfélög skulu sjálf bera allan kostnað vegna ferða til og frá mótsstað, svo og kostnað vegna fæðis og gistingar.

Félög skulu útvega starfsfólk í hlutfalli við fjölda skráninga miðað við stærð laugar. Mótshaldari skal gera grein fyrir starfsmannaþörf um leið og mót er auglýst og skulu félög skila lista um starfsmenn samhliða skráningu keppenda. Sú almenna regla skal gilda að félög skili að lágmarki einum starfsmanni og þau félög sem starfa innan 120 km fjarlægðar frá mótsstað skulu skila tvöföldum fjölda starfsmanna á við þau félög sem lengra eiga að. Stjórn ÍF hefur heimild til að beita félögum viðurlögum t.d. fésektum og/eða vísa þeim frá keppni láti þau undir höfuð leggjast að skila tilskyldum fjölda starfsmanna. Skal stjórn ÍF beita félög viðurlögum ef um ítrekuð brot á þessari reglu er að ræða.

1.6 SKRÁNINGARFRESTUR, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGAR

Einstaklings- og/eða liðaskráning vegna allra ÍF móta skal hafa borist skrifstofu ÍF fullum 16 dögum fyrir mótsbyrjun, nema annað komi fram. Vegna ÍF móta leggur ÍF til mótaskrá á tölvutæku formi og skal skráningum skilað á því sama formi. Þeir sem ekki hafa aðgang að því forriti sem ÍF notar hverju sinni skulu senda skráningarnar inn á þar til gerðum skráningarformum sem eru gefin út af ÍF og skulu skráningar þá hafa borist skrifstofu ÍF fullum 17 dögum fyrir mótsbyrjun. Önnur skráningarblöð eða form eru ekki tekin gild sem skráning á ÍF mót

Röð keppenda í boðsundssveitum skal tilkynna skriflega í síðasta lagi hálf tíma fyrir viðkomandi keppnishluta - til að sveitin öðlist keppnisrétt.

Keppendum skal síðan raðað í riðla eftir þessum tímum þannig að í fyrsta riðli eru þeir keppendur sem hafa lakastan tímann, í öðrum riðli þeir sem næst lakastan tíma hafa o.s.frv.

1.7 VIRÐING OG TILLITSSEMI

Keppendur í sundíþróttum, þjálfarar þeirra og aðrir sem koma að keppni í sundíþróttum skulu sýna öðrum keppendum, þjálfurum, fylgdarfólki og starfsfólki móta og sundstaða tilhlýðilega virðingu og tillitssemi í hvívetna.

Keppendur sem vinna til verðlauna í sundíþróttum skulu mæta til verðlaunaafhendingar. (Mótshaldara ber að tilkynna úrslit eins fljótt og auðið er og tilkynna tímasetningar verðlaunaveitinga) Mótsstjórn má svipta keppanda verðlaunum sínum mæti hann ekki til verðlaunaafhendingar – án eðlilegra skýringa. Heimilt er liðsstjóra/keppanda þó að senda staðgengil til að taka við verðlaunum - vegna sérstakra aðstæðna. Liðstjóri eða þjálfari skulu tilkynna mótsstjórn áður en verðlaunaafhending fer fram hverju sinni ef sérstaklega stendur á varðandi mætingu keppanda til móttöku verðlauna.

2.0. FLOKKASKIPTING

Allir keppendur skulu flokkaðir af lækna ráði ÍF eða af viðurkenndum aðilum frá IPC.

FLOKKAR S (Hreyfihamlaðir)

Kept er eftir alþjóðlega flokkunarkerfinu (IPC).

S 1	S2	S3	S4	S5	S6	S7	S8	S9	S10
SB1	SB2	SB3	SB4	SB5	SB6	SB7	SB8	SB9	
SM 1	SM2	SM3	SM4	SM5	SM6	SM7	SM8	SM9	SM10

Blindir og sjónskertir

Flokkur S11	Blindir	(IBSA B1)
Flokkur S12	Sjónskertir	(IBSA B2)
Flokkur S13	Sjónskertir	(IBSA B3)

Flokkur S14 Proskahamlaðir

Flokkur S15 Heyrnaskertir <http://www.ciss.org/icsd/audiogram-regulations>

Flokkur S18 Down syndrom <https://www.virtus.sport/applying-for-athlete-eligibility#tab-id-2>

Flokkur S19 Einhverfir (Virtus) <https://www.virtus.sport/applying-for-athlete-eligibility#tab-id-3>

Flokkur S20 Einstaklingar sem ná ekki minnstu fötlun samkv. skilgreiningu IPC.

- ✓ Allir hreyfihamlaðir sundmenn hefja keppni í flokki S10 eða þar til þeir hafa verið flokkaðir.
- ✓ S20 er flokkur fyrir einstaklinga sem hafa skilað inn gögnum um fötlun sína en ná ekki lágmarks fötlun samkvæmt skilgreiningu IPC.
- ✓ Sundmaður sem ekki hefur hlotið flokkun og skorar yfir 300 stig í stakri grein skal við fyrsta tækifæri fara í flokkun. Að öðrum kosti keppa í flokki S20. Notast skal við gildandi tímaviðmið sundnefndar ÍF hverju sinni.

3.0. MÓT

Sundmót ÍF skulu vera:

- Nýársmót, í 25 m laug.
- Bikar og flokkamót ÍF, í 25 m eða 50 m laug.

Í samvinnu við SSÍ

- Opna - Íslandsmeistaramótið í 50 m laug.
- Opna - Íslandsmeistaramótið í 25 m laug.
- önnur mót í samvinnu við SSÍ sem við á.

Til að öðlast keppnisrétt á mótum í samvinnu við SSÍ þarf sundmaður að ná tilskyldum lágmarkum á mótið sem sundnefnd ÍF setur og eru birt á heimasíðu ÍF í upphafi sundárs. Ef sundmaður hefur náð einu A lágmarki gefur það honum rétt til að synda aðrar 2 greinar með B lágmarki. B lágmark eitt og sér gefur ekki rétt til keppni.

Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram.

Stjórn ÍF er heimilt að breyta nafni móts þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Íþróttasambands Fatlaðra.

3.1 Nýársmót fatlaðra

Nýárssundmót fatlaðra fer fram fyrstu helgi í janúar ár hvert.

Mótið fer fram í 25 m laug. Þátttökurétt á mótinu eru þeir sem eru 17 ára á árinu eða yngri.

Keppt skal í eftirtöldum greinum:

50 m baksund	50 m bringusund
50 m flugsund	50 m frjáls aðferð
100 m fjórsundi	25 m frjáls aðferð*

*25 m frjáls aðferð er fyrir byrjendur þar eru hjálpartæki leyfð, þ.e. armkútar, sundfit o.s.frv. Einungis þeir sem ekki keppa í öðrum greinum mótsins hafa rétt til þátttöku.

Dagskrá mótsins er eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------------|----------------------------------|
| 1. grein 50 m baksund kk | 2. grein 50 m baksund kvk |
| 3. grein 50 m bringusund kk | 4. grein 50 m bringusund kvk |
| 5. grein 25 m frjáls aðferð kk | 6. grein 25 m frjáls aðferð kvk |
| 7. grein 100 m fjórsund kk | 8. grein 100 m fjórsund kvk |
| 9. grein 50 m frjáls aðferð kk | 10. grein 50 m frjáls aðferð kvk |
| 11. grein 50 m flugsund kk | 12. grein 50 m flugsund kvk |

Í mótslok fá allir þátttakendur viðurkenningu (þáttökupening).

Í 50 metra greinum eru veitt verðlaun gull, silfur og brons samkvæmt stigaútreikningi miðað við stigaformúlu ÍF í flokkum S1-S19, með tvennum hætti. Annars vegar eru veitt verðlaun í unglingaflokki (þ.e. 17 ára og yngri) fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein og hins vegar eru veitt verðlaun í opnum flokki karla og kvenna fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein á mótinu.

Sjómannabikarinn.

Sigmar Ólason, sjómaður á Reyðarfirði gaf bikar til keppninnar árið 1984 þegar fyrsta Nýarssundmótið fór fram. Sjómannabikarinn er veittur fyrir besta sundafrek mótsins hjá 17 ára og yngri keppendum samkvæmt stigaútreikningi miðað við stigaformúlu ÍF.

Heiðursgestur.

Í tengslum við Nýarssundmótið hefur skapast sú hefð að bjóða sérstökum heiðursgesti, sem í mótslok afhendir öllum þátttakendum viðurkenningu og sigurvegaranum “Sjómannabikarinn”.

3.2 Bikar og flokkamót ÍF.

Bikar og flokkamót ÍF í skal haldið ár hvert í maí.

Keppt skal í eftirtöldum greinum ef mótið fer fram í 50 m laug.

- | | |
|------------------------------|---------------------|
| 50 m frjáls aðferð | 100 m frjáls aðferð |
| 200 m frjáls aðferð | 400 m frjáls aðferð |
| 50 m baksund | 100 m baksund |
| 50 m bringusund | 100 m bringusund |
| 50 m flugsund | 100 m flugsund |
| 150 m þrísund SM1-SM4 | 200 m fjórsund |
| 4*50 m frjáls aðferð | 4*50 m fjórsund |
| 4*50 m frjáls aðferð blandað | |

Dagskrá mótsins er eftirfarandi:

Dagur 1.

- | | |
|-----------------------------------|----------------------------------|
| 1. grein 200 m frjáls aðferð kvk | 2. grein 200 m frjáls aðferð kk |
| 3. grein 50 m flugsund kvk | 4. grein 50 m flugsund kk |
| 5. grein 50 m bringusund kvk | 6. grein 50 m bringusund kk |
| 7. grein 100 m baksund kvk | 8. grein 100 m baksund kk |
| 9. grein 150 m þrísund kvk | 10. grein 150 m þrísund kk |
| 11. grein 200 m fjórsund kvk | 12. grein 200 m fjórsund kk |
| 13. grein 100 m frjáls aðferð kvk | 14. grein 100 m frjáls aðferð kk |
| | Hlé 10 mínútur |
| 15. grein 4*50 m fjórsund kvk | 16. grein 4*50 m fjórsund kk |

Dagur 2

- | | |
|-----------------------------------|------------------------------------|
| 17. grein 4*50 m frjáls aðferð kk | 18. grein 4*50 m frjáls aðferð kvk |
| 19. grein 50 m frjáls aðferð kk | 20. grein 50 m frjáls aðferð kvk |
| 21. grein 50 m baksund kk | 22. grein 50 m baksund kvk |
| 23. grein 100 m flugsund kk | 24. grein 100 m flugsund kvk |
| 25. grein 100 m bringusund kk | 26. grein 100 m bringusund kvk |
| 27. grein 400 m frjáls aðferð kk | 28. grein 400 m frjáls aðferð kvk |
- Hlé 10 mínútur
29. grein 4*50 m frjáls aðferð blandað

Keppt skal í eftirtöldum greinum ef mótið fer fram í 25 m laug.

- | | |
|----------------------|---------------------|
| 50 m frjáls aðferð | 100 m frjáls aðferð |
| 200 m frjáls aðferð | 400 m frjáls aðferð |
| 50 m baksund | 100 m baksund |
| 50 m bringusund | 100 m bringusund |
| 50 m flugsund | 100 m flugsund |
| 75 m þrísund SM1-SM4 | |
| 100 m fjórsund | 200 m fjórsund |
| 4*50 m frjáls aðferð | 4*50 m fjórsund |

Dagskrá mótsins er eftirfarandi:

Dagur 1.

- | | |
|---------------------------------|-----------------------------------|
| 1. grein 50 m frjáls aðferð kk | 2. grein 50 m frjáls aðferð kvk |
| 3. grein 100 m flugsund kk | 4. grein 100 m flugsund kvk |
| 5. grein 50 m baksund kk | 6. grein 50 m baksund kvk |
| 7. grein 200 m fjórsund kk | 8. grein 200 m fjórsund kvk |
| 9. grein 400 m frjáls aðferð kk | 10. grein 400 m frjáls aðferð kvk |
| 11. grein 100 m bringusund kk | 12. grein 100 m bringusund kvk |
- Hlé 10 mínútur
13. grein 4*50 m frjáls aðferð kk
14. grein 4*50 m frjáls aðferð kvk

Dagur 2

- | | |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| 15. grein 4*50 m fjórsund kvk | 16. grein 4*50 m fjórsund kk |
| 17. grein 100 m frjáls aðferð kvk | 18. grein 100 m frjáls aðferð kk |
| 19. grein 50 m flugsund kvk | 20. grein 50 m flugsund kk |
| 21. grein 100 m baksund kvk | 22. grein 100 m baksund kk |
| 23. grein 50 m bringusund kvk | 24. grein 50 m bringusund kk |
| 25. grein 75 m þrísund kvk(SM1-4) | 26. grein 75 m þrísund kk (SM1-4) |
| 27. grein 100 m fjórsund kvk | 28. grein 100 m fjórsund kk |
| 29. grein 200 m frjáls aðferð kvk | 30. grein 200 m frjáls aðferð kk |
- Hlé 10 mínútur
31. grein 4*50 m frjáls aðferð blandað

Verðlaun.

Keppendum er raðað í greinar eftir tímum óháð fötlunarflokkum. Verðlaun verða þó veitt eftir fötlunarflokkum og hlýtur viðkomandi sæmdarheitið „Flokkameistari í flokki SX“.

Ekki eru veitt verðlaun fyrir annað og þriðja sætið.

Það félag sem er stigahæst í einstaklingsgreinum hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari ÍF í sundi“ Hver einstaklingur má synda 6 greinar til stiga. Tilkynna þarf hvaða greinar telja til stiga þegar skráningum er skilað inn, að öðrum kosti telja fyrstu 6 greinar sem viðkomandi syndir þ.e. ef hann syndir fleiri en 6 greinar.

Stig eru veitt fyrir 10 efstu sætin í hverjum flokki, 1. sæti 12 stig, 2.sæti 10 stig, 3. sæti 8 stig og svo 7,6,5,4,3,2,1

Boðsund

Allir meðlimir boðsundssveitarinnar verða að vera frá sama félagi skráðir inn á mótið.

Met fást ekki staðfest nema niðurröðin í sveitir sé samkvæmt reglum IPC um niðurröðun boðsund. Boðsundseyðublöðum þarf að skila inn hálf tíma fyrir viðkomandi keppnishluta.

3.3 Opna Íslandsmeistaramótið í 50 m braut (ÍM50 SSÍ).

Íslandsmót í 50 metra laug er haldið í samvinnu með SSÍ þ.e keppendur ÍF synda í undanrásum mótsins til úrslita.

Til að öðlast keppnisrétt á mótinu þarf sundmaður að ná tilskyldum lágmarkum á mótið sem sundnefnd ÍF setur og eru birt á heimasíðu ÍF í upphafi sundárs. Skráningartímar mega ekki vera eldri en 12 mánaða eða frá upphafsdegi ÍM50 árið áður, sbr. almenn ákvæði SSÍ. Lágmarkatímar skulu miðast við 50m laug en gildum tímum má ná í 25m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út. Sé keppandi með að minnsta kosti 1 lágmark, má viðkomandi bæta við sig allt að tveimur greinum, óháð lágmarkum. Viðkomandi verður að eiga gildan tíma í greinum sem bætt er við.

Verðlaun verða veitt í flokkum S1-S19. Mótstjórn áskilur sér rétt að sameina fötlunarflokka til verðlauna og verða verðlaun afhendt samkvæmt stigum miðað við stigaformúlu ÍF.

3.4 Opna Íslandsmeistaramótið í 25 m braut (ÍM25 SSÍ).

Íslandsmót í 25 metra laug er haldið í samvinnu með SSÍ þ.e keppendur ÍF synda í undanrásum mótsins til úrslita..

Til að öðlast keppnisrétt á mótinu þarf sundmaður að ná tilskyldum lágmarkum á mótið sem sundnefnd ÍF setur og eru birt á heimasíðu ÍF í upphafi sundárs. Skráningartímar mega ekki vera eldri en 12 mánaða eða frá upphafsdegi ÍM50 árið áður, sbr. almenn ákvæði SSÍ. Lágmarkatímar skulu miðast við 50m laug en gildum tímum má ná í 25m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út. Sé keppandi með að minnsta kosti 1 lágmark, má viðkomandi bæta við sig allt að tveimur greinum, óháð lágmarkum. Viðkomandi verður að eiga gildan tíma í greinum sem bætt er við.

Verðlaun verða veitt í flokkum S1-S19. Mótstjórn áskilur sér rétt að sameina fötlunarflokka til verðlauna og verða verðlaun afhendt samkvæmt stigum miðað við stigaformúlu ÍF.

4.0 ÍSLENSK MET

4.1 ÍSLENSK MET MÁ SETJA Í EFTIRTÖLDUM VEGALENGDUM (IPC):

50 m frjáls aðferð S1 - S14, S15,S18, S19
100 m frjáls aðferð S1 - S14, S15,S18, S19
200 m frjáls aðferð S1 - S14, S15,S18, S19
400 m frjáls aðferð S6 - S14, S15,S18, S19
800 m frjáls aðferð S6 - S14, S15,S18, S19
1500 m frjáls aðferð S6 - S14, S15,S18, S19
50 m baksund S1 - S14, S15,S18, S19
100 m baksund S1 - S14, S15,S18, S19
200 m baksund S6 - S14, S16,S18
50 m bringusund SB1-SB9, SB11-SB14, SB15, SB18, SB19
100 m bringusund SB1-SB9, SB11-SB14, SB15, SB18, SB19
200 m bringusund SB4-SB9, SB11-SB14, SB15, SB18, SB19
50 m flugsund S1 - S14, S15,S18, S19
100 m flugsund S5 - S14, S15,S18, S19
200 m flugsund S8 - S14, S15,S18, S19
75 m þrísund SM1 - SM4 (aðeins í 25 m braut og án flugsund)
100 m fjórsund SM1 - SM14 (aðeins í 25 m braut) SM15, SM18, SM19
150 m þrísund SM1 - SM4 (án flugsund)
200 m fjórsund SM3 - SM14, SM15, SM18, SM19
400 m fjórsund SM8 - SM14, SM15, SM18, SM19

Boðsund:

4 x 50 m frjáls aðferð, S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10, 49 stig í flokkum S11-S13
4 x 100 m frjáls aðferð S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10, 49 stig í flokkum S11-S13
4 x 50 m fjórsund S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10, 49 stig í flokkum S11-S13
4 x 100 m fjórsund S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10, 49 stig í flokkum S11-S13
4 x 50 m frjáls aðferð blandað boðsund, S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10,
49 stig í flokkum S11-S13
4 x 100 m frjáls aðferð blandað boðsund, S14 og mest 20 / 34 stig fyrir S1-S10,
49 stig í flokkum S11-S13

Þessi met skulu birt aðgengileg á heimasíðu ÍF.

- ✓ Sá sem setur Íslandsmet verður að vera íslenskur ríkisborgari og keppa fyrir félag sem er aðili að Í.S.Í. Í þeim íþróttagreinum, sem þess er krafist, á að hafa gilt keppniskort sem staðfestir úrskurð læknaneftndar ÍF á fötlunarflokkun methafans.
- ✓ Íslandsmet verður ekki skráð þar sem ekki finnst fyrir skráður tími nema að syntur tími sé innan 50% vikmarka frá gildandi heimsmeti í flokknum.
- ✓ Setji einstaklingur Íslandsmet sem er betri tími en skráð Íslandsmet í flokkum fyrir ofan, skulu þau met strikuð út.
- ✓ Einstaklingur sem setur Íslandsmet sem verður til þess að skráð met í flokkum fyrir ofan strikast út fær eigið met eingöngu skráð á sig í þeim flokki sem hann eða hún synti þegar metið var sett. En met í flokkunum fyrir ofan verða strikuð út og standa nafnlaus, enda er litið svo á að þau hafi þá jafnframt verið slegin.

- S1 getur strikað út met í flokkum S2 til S10
- S2 getur strikað út met í flokkum S3 til S10
- S3 getur strikað út met í flokkum S4 til S10
- S4 getur strikað út met í flokkum S5 til S10
- S5 getur strikað út met í flokkum S6 til S10
- S6 getur strikað út met í flokkum S7 til S10
- S7 getur strikað út met í flokkum S8 til S10
- S8 getur strikað út met í flokkum S9 til S10
- S9 getur strikað út met í flokki S10
- S11 getur strikað út met í flokkum S12 og S13.
- S12 getur strikað út met í flokki S13

4.2 UMSÓKN UM ÍSLENSK MET.

Umsóknir um staðfestingu íslenskra meta skulu berast skrifstofu ÍF og staðfestum úrslitum móts á þar til gerðum eyðublöðum innan 14 daga frá því met var sett. Það er á ábyrgð sundmanns, þjálfara og stjórnar félags að umsókn um staðfestingu íslenskra meta berist ÍF.

Sundneftnd ÍF staðfestir met eftir að hafa gengið úr skugga um að öllum áður nefndum reglum hafi verið fullnægt.

5.0 LYFJAMISNOTKUN

Um lyfja misnotkun skal farið eftir reglugerð ÍSÍ um eftrilit með lyfja misnotkun íþróttamanna og framkvæmd lyfjaprófs.

6.0 ÍF - SSÍ félagi

Keppandi á vegum ÍF er heimilt að vera skráður í tvö félög, eitt innan ÍF og annað innan SSÍ. Almenna reglan er sú að keppandi á vegum ÍF skal aðeins keppa fyrir eitt félag á mótum ÍF en getur keppt fyrir annað félag á mótum á vegum SSÍ.

Samkv. bréfi frá ÍSÍ þann 24. 10 1989

"Framkvæmdastjórn ÍSÍ lítur svo á, að svo mikill munur sé á reglum um sundkeppni hjá fötluðu og ófötluðu íþróttafólki, að í raun sé þar um tvenns konar íþróttakeppni að ræða, þótt hvort tveggja sé í sundi. Af þessu leiði að fatlaður íþróttamaður sem í sundkeppni fatlaðra er þátttakandi í samræmi við fötlun sína og flokkast samkvæmt henni, geti hins vegar ef hann vill og treystir sér til, keppt á mótum ófatlaðra og þá að sjálfsögðu eftir þeim reglum sem þar gilda og í nafni þess félags sem hann helst kys"

7.0 KEPPNISREGLUR

IPC sundreglur á íslensku eru í vinnslu – linkur mun koma hér inn þegar þær eru tilbúnar.

Hér að neðan eru IPC reglurnar á ensku og svo reglur SSÍ um sunnaðferðir á Íslensku.


IPC Swimming Rules 2024:

[https://www.paralympic.org/sites/default/files/2024-04/WPS%20Rules%20and%20Regulations April%202024 0.pdf](https://www.paralympic.org/sites/default/files/2024-04/WPS%20Rules%20and%20Regulations%20April%202024%200.pdf)



Sundreglur World Aquatics frá 21. febrúar 2023

<http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Log-og-reglur/Sundreglur%20WA%2030.05.2023.pdf>



Lög og reglugerðir SSÍ 2025.

https://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Log-og-reglur/L%c3%b6g_og_regluger%c3%b0ir_SS%c3%8d_Sun%c3%being%202025.pdf

